



Skólanámskrá 2024-2025



**Nám og kennsla
3. bekkur**

Umsjónarkennari: Helga Ingibjörg Reynisdóttir - Systa

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar.....	2
Viðmiðunarstundaskrá.....	2
Íslenska.....	2
Stærðfræði.....	4
Enska.....	5
Samfélagsgreinar.....	6
Náttúrufræði.....	8
Upplýsinga- og tæknimennt.....	8
List- og verkgreinar.....	9
Heimilisfræði.....	9
Hönnun og smíði.....	11
Myndmennt.....	12
Textílmennt.....	13
Listaval.....	14
Skólaíþróttir.....	14

Bakgrunnsupplýsingar

Í 3. bekk eru 10 nemendur, 7 strákar og 3 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónakennari er Helga Ingibjörg - Systa sem kennir stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, og val. Hallfríður Guðný kennir þeim náttúrufræði. Dagbjört Lína kennir hönnun og smíði, Dagný kennir myndmennt, Karitas kennir textílmennt og Elísabet kennir heimilisfræði. Silja kennir ensku, Rósa kennir þeim upplýsingatækni og Gunnar Andri kennir skólaíþróttir.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	7
Stærðfræði	5
Samfélags- og náttúrugreinar	6
Erlend tungumál - Enska	1
Upplýsinga og tæknimennt	1
Heimilisfræði	2 hálfan vetur
Myndmennt	2 hálfan vetur
Smíði	2 hálfan vetur
Textílmennt	2 hálfan vetur
Val	2
Íþróttir/sund	3
Umsjón	1
Samtals	30 kennslustundir

Íslenska

Kennari: Systa

Vikustundir: 7 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Talað mál og framsögn, þjálfun í að koma fram og taka þátt í umræðum.
- Hlustun og áhorf, hlusta á upplestur, fara eftir munnlegum fyrirmælum, endursögn.

Lestur og bókmenntir

- Lestur: lestrarfærni, rím, hrynjandi, bókstafir, orð, setning, lesskilningur.
- Bókmenntir: vísur og ljóð, íslenskar þjóðsögur og ævintýri, persóna, söguhetja.

Ritun

- Draga rétt til stafs, stafsetning, semja ljóð og sögur, vandvirkni.

Málfræði

- Nafnorð, eintala/fleirtala, kyn, fallbeyging, sagnorð, nútíð/þátíð, lýsingarorð, samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn, sérhljóði og samhljóði.

Kennsluefni / kennslugögn

Skipting námsefnis eftir önnum:

1. önn: Lesbækur af leslista, sögubók, ljóðavinna, félagalestur, skrifarbækur. Málfræði og ritunarverkefni af hinum ýmsu vefsíðum, Lestur og stafsetning. Lesrún I, Ritrún. Annað efni frá kennara tengd viðfangsefninu.

2. önn: Lesbækur af leslista, sögubók, ljóðavinna, félagalestur, skrifarbækur. Málfræði og ritunarverkefni af hinum ýmsu vefsíðum, Lestur og stafsetning. Lesrún I, Ritrún. Annað efni frá kennara tengd viðfangsefninu.

Kennsluhættir

Nemendur vinna verkefni ýmist einir eða í hópum með aðstoð kennara.

Nemendur lesa eins oft og mögulegt er í skólanum. Mikil áhersla lögð á nokkra þætti íslenskunnar eins og sérhljóða, samhljóða, sérnöfn, samnöfn, samheiti, andheiti og rím sem tengjast gæðatextanum. Nemendur vinna einnig fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi. Nemendur vinna með ljóð og vísur bæði myndrænt og í söng ásamt þematengdum verkefnum, sem verða unnin á fjölbreyttan hátt. Jafnframt verður gefið rými til leiks og sköpunar þar sem gengið er út frá að nemendur læri í gegnum leik. Að öðru leyti verður reynt að hafa kennsluna áhugaverða og að nemendur verði virkjaðir sem mest til þátttöku.

Viðfangsefni:

- Lestur, lestrarfærni, rím, hrynjandi, bókstafir, orð, setning, lesskilningur.
- Talað mál og framsögn, þjálfun í að koma fram og taka þátt í umræðum.
- Hlustun og áhorf, hlusta á upplestur, fara eftir munnlegum fyrirmælum, endursögn.
- Ritun, draga rétt til stafs, stafsetning, semja ljóð og sögur, vandvirkni.
- Bókmenntir, vísur og ljóð, íslenskar þjóðsögur og ævintýri, persóna, söguhetja.
- Málfræði, samheiti, andheiti, nafnorð, sérnöfn og samnöfn, kyn, tala og fall, sérhljóði og samhljóði, unnið með sagnorð og lýsingarorð. Ng og nk reglan, einfaldur og tvöfaldur samhljóði, n og nn, orð af orði.

Heimanám

Lesi á hverjum degi í bók af lesbókalista eða af bókasafni. Einnig kemur sögubókin reglulega heim. Að öðru leyti er reynt að hafa heimanám í lágmarki en fara eftir viðfangsefnum hverju sinni.

Námsmat

Lestrarpróf MMS eru lögð fyrir 3 sinnum á önn. Staða nemenda í öðrum þáttum íslenskunnar metin með verkefnum eftir hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar og nemendum gefin umsögn.

Stærðfræði

Kennari: Systa

Vikustundir: 5 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þessir sjö flokkar eru: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

- Þróun talnanna.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tími

Tölur og reikningur

- Þriggja stafa tölur
- Margföldun
- Deiling
- Samlagning
- Frádráttur
- Almenn brot

Algebra

Rúmfræði og mælingar

- Rúmmál
- Flatarmál
- Samhverfa og horn
- Hnit

Tölfræði og líkindi

- Upplýsingar og tölfræði

Kennsluefni / kennslugögn

Sproti 3a og 3b, Stærðfræðispæjarar 2, ýmis ljósrit, lesdæmi og þrautir.

Skipting námsefnis á annir:

1. önn. Sproti 3a nemendabók og æfingahefti, Stærðfræðispæjarar 2 og aukaverkefni frá kennara

2. önn. Sproti 3B nemendabók og æfingahefti, Stærðfræðispæjarar 2, ásamt efni af netinu.

Allan veturinn verða unnar ýmsar þrautir, aukadæmi og ljósrit eftir þörfum og getu hvers og eins.

Kennsluhættir

Stefnt er að því að vinna með einstaklingsmiðað nám í stærðfræði, þar sem hver og einn nemandi vinnur verkefni eftir sinni getu og hraða. Námssefninu verður skipt upp í ákveðna efnisþætti sem verða teknir fyrir í ákveðinn tíma. Ný viðfangsefni verða lögð inn fyrir litla hópa eða einstaklinga. Áhersla er lögð á að nemendur finni sínar eigin aðferðir að lausn. Þeir vinna verkefni tengd efnisþáttunum í grunnbókum en til að mæta mismunandi vinnuhraða og getu vinna þeir í öðrum verkefnum og aukabókum þegar viðfangsefni er lokið.

Heimanám

Fer eftir viðfangsefni hverju sinni.

Námsmat

Kannanir lagðar fyrir eftir hvern námsþátt þar sem leitast verður við að prófa sem flesta þætti í hæfni nemandans. Hæfni nemenda í viðkomandi þáttum metin og niðurstöður settar inn á Mentor. Vinnubækur, vinnubrögð og virkni í skóla metin og gefin umsögn. Sama námsmat gildir báðar annirnar.

Enska

Kennari: Silja Guðnadóttir

Vikustundir: 1 kennslustund.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Viðfangsefni:

Að heilsa og kveðja, tölur, litir, föt, líkamshlutar, fjölskyldan, hátíðir, veður, matur, dýr.

Hlustun

- Skilji efni á hljómböndum og geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunnugleg.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni.

Lesskilningur

- Geti lesið og skilið einfaldan texta.

Samskipti

- Skilji féлага sína í samskiptum í kennslustundum
- Geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.

Námshæfni

- Skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku.

Kennsluefni / kennslugögn

Yes we can 2 - námsefni frá menntamálstofnun. Horft verður á myndir, hlustað á tónlist og unnið verkefni út frá því.

Kennsluhættir

Unnið með orðaforða og margvíslegan texta á fjölbreyttan hátt þar sem áherslan er hlustun, tal, lestur og skrift.

Heimanám

Ekkert heimanám

Námsmat

Námsmat fer fram reglulega yfir önnina. Kennari metur nemendur út frá vinnusemi í tíma, hvernig þeim gengur að vinna verkefni sem þau fá sett fyrir, virkni og frumkvæði. Námsmatið miðast við hæfniviðmið aðalnámskrár og verkefnin og vinnan nemenda tengd þeim. Einkunnarkvarðinn verður í forni hæfnitákna og framvindu

Samfélagsgreinar

Kennari: Systa

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum skiptast í: Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann; Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum; Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann
Að nemendur þekki og virði reglur í samskiptum manna í leik og starfi og verði meðvitaðir um rétt sinn og skyldur í samfélaginu, beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og fái innsýn í hvernig samfélagið breytist í tímans rás.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum
Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Kennsluefni / kennslugögn

Grænfánaverkefni, Könnum kortin 1 og 2, verkefni af netinu

Kennsluhættir

Unnið með þemu í tengslum við samfélagsfræði. Í megindráttum er ferlið þannig að þegar byrjað er á nýju þema er áhugi nemanda á viðfangsefninu vakinn og forþekking þeirra könnuð, t.d. með hugstormun, hugmyndir skráðar niður og unnið út frá þeim. Námsbækur lesnar saman. Hverju þema er síðan skipt niður í þætti og unnið sérstaklega með þá; umræður, skráning - orðaforði, myndræn úrvinnsla, vinna úr heimildum. Nemendur vinna verkefni á vinnublöð í stílabækur, á auð blöð eða með fyrirætlum, og þeim er síðan safnað saman og búin til bók um þemað eða sett jafn óðum í möppu.

Kennsluáætlun

Umhverfismennt - Lýðheilsa, umhverfismennt, Loftlagsbreytingar, vatn.

Heimanám

Engin föst heimavinna er í samfélagsfræði en af og til koma áhugaverð verkefni fyrir sem unnið er með áfram heima.

Námsmat

Verkefni, vinna, umræður og áhugi nemanda metinn hverju sinni og þeim gefin umsögn svo oft sem kostur er, munnleg eða skrifleg eftir því sem við á.

Náttúrufræði

Kennari: Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir á viku

Hæfniviðmið Náttúrufræði

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum skiptast í:

Í náttúrugreinum eru tveir flokkar hæfniviðmiða en nauðsynlegt er að viðmiðin tengist og flettist saman. Þetta eru annars vegar hæfniviðmið um verklag og hins vegar hæfniviðmið úr völdum viðfangsefnum. Hæfniviðmið um verklag skiptast í: Geta til aðgerða; Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar, gildi og hlutverk vísinda og tækni, vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og ábyrgðar á umhverfinu. Hæfniviðmið um viðfangsefni skiptast í: Að búa á jörðinni, lífsskilyrði manna, náttúra Íslands, heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Kennsluefni / kennslugögn

Halló Heimur 3 og unnin ýmis verkefni tengd viðfangsefninu. Einnig munum við fara í Komdu og skoðaðu bækurnar.

Kennsluhættir

Við vinnum með hópavinnu og einstaklings vinnu. Einnig er unnið er með blöð frá kennara og förum við reglulega út í útikennslu.

Heimanám

Ekki verður mikið um heimavinnu en gæti komið heim í einstaka tilvikum.

Námsmat

Námsmat fer fram reglulega yfir önnina þar sem nemendur eru metnir út frá vinnusemi í tímum, framvindu, frumkvæði og virkni. Einkunnir verða á formi hæfnitákna og framvindu sem sett verður inn á mentor.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Vikustundir: Ein kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- gangi vel um og fylgi reglum sem gilda í tölvustofunni
- gangi vel um spjaldtölvurnar og læri að ganga frá þeim
- fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrirmælum
- þekki heitin á helstu hlutum tölvunnar s.s. tölva, skjár, lyklaborð, mús
- þekki helstu hnappa á lyklaborði
- læri að nota einföld forrit
- staðsetji fingur rétt á heimalykla
- öðlist þekkingu á grunnatriðum forritunar
- læri að vinna með ólík forrit bæði tengt ritvinnslu og forritun

Leiðir: Kennari kynnir undirstöðuatriði í vinnuumhverfi tölvunnar, rétta líkamsbeitingu og hvernig beita eigi mús. Nemendur æfa sig í að skrá sig inn í tölvukerfi skólans, vinna í kennsluforritum, teikna myndir, skrifa texta og æfa fingrasetningu með vefnum Fingrafimi á vef Námsgagnastofnunar. Nemendur læra einnig á grunnatriði í forritun með hjálp nokkurra forrita í spjaldtölvum og á netsíðum þar sem kennd er forritun. Einnig fá nemendur að kynnast fjölbreyttum mismunandi námsleikjum í gegnum Osmo og öðrum forritanlegum tækjum.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara og af netinu. Forritunarforritin: Code.org, codespark, Scratch, Tynker, sprite box, box island ásamt fleiri smáforritum. Einnig verður unnið með Osmo - stærðfræði, stafi, pizza og co og coding jam, Blue bot forritunarbjölluna, Fingrafimi á vef mms.is, ásamt öðru fjölbreyttu efni.

List- og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningaleiðir. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar fyrir lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar flokkast undir menningarlæsi.

Heimilisfræði

Kennari: Elísabet Kristín Atladóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir í 12 vikur

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í heimilisfræði einblína á manneskjuna, líf og lífsskilyrði hennar auk andlegra og líkamlega þarfa. Stuðla á að góðu heilsufari, neysluvenjum og almennt heilbrigðum lífsháttum.

Að nemendur:

- temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum og við notkun áhaldna og tækja.
- skilji mikilvægi hollustu, heilbrigðis og hreinlætis.
- geti unnið eftir uppskriftum og leiðbeiningum og útbúið einfalda rétti.
- geri sér grein fyrir slyshættu og geti varast slysin.

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru:

Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti,
- Talið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,
- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir,
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld,
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi,
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.

Matur og umhverfi

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni, skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Matur og menning

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

Kennsluhættir

Unnið er annaðhvort í hópum eða pörum, fer eftir fjölda nemenda.

Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í heimilisfræði

Námsgögn

Heimilisfræði 3 fyrir 3. bekk og út prentað efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er í formi umsagnar og einkunninni lokið - ólokið í lok annar. Horft er í vinnusemi, metnað, vandvirkni, hreinlæti og hegðun.

Hönnun og smíði

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir hálfan veturinn

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka og eru þeir megináherslusvið greinarinnar Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis. Þessir flokkar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Hæfniviðmið fyrir sjónlistir koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina.

Umhverfi

Að nemandi:

- sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri
- sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni
- sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnusvæði
- sýni vinnu annarra virðingu
- átti sig á mikilvægi þess að ganga rétt frá
- þekki algengustu byggingaefni í umhverfi sínu
- geri sér grein fyrir að náttúruauðlindir eru ekki óþrjótandi og því þurfi að fara vel með allan efnivið
- þekki rafknúin tæki í umhverfi sínu

Handverk

Að nemandi:

- þekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa
- geti notað laufsög og bakkasög ásamt útsögunarklauf og skerstock
- geti valið rétt verkfæri við hæfi verkefnis
- kunni að velja og nota sandpappír á réttan hátt
- hafi notað einfaldar gerðir samsetninga, s.s. lím og nagla
- geti notað helstu mælitæki, s.s. málstock og málband
- geti málað með vatnsleysanlegum efnum og valið pensla við hæfi
- geri raunhæfar kröfur til eigin getu og færni

Hönnun og smíði

Að nemandi:

- hafi unnið að hugmyndavinnu
- geti gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni
- skilji framvindu vinnuferlis
- geti gert vinnulýsingu á verkefninu fyrir verkefnamöppu

Kennsluhættir

Í hönnun og smíði er stefnt að því að gera nemendur sjálfstæða í verki til að þroska verkfærni og verkunnáttu. Nemendum eru kennd rétt vinnubrögð frá upphafi og rétt umgengni við vinnusvæði og verkfæri þar sem öryggi þeirra og annarra í smíðastofunni skiptir miklu máli. Þema vetrarins er endurnýting og er því stefnt að því að gera nemendur meðvitaðri um umhverfi sitt ásamt því að þeir læri að nýta efnisheiminn. Nemendur eru studdir í því að setja sér raunhæf markmið og hjálpað að gera sér grein fyrir framförum. Náminu er ætlað að þroska skipulags-hæfileika nemenda og þurfa þeir að öðlast skilning á því hvernig verk er brotið upp í verkþætti. Námsmatið er einstaklingsmiðað og leitast við að koma til móts við áhugasvið hvers og eins nemanda þegar verkefni eru valin. Markmið hönnunar og smíða er að hjálpa nemendum að skynja og meta fallega hönnun, handverk, hagnýtingu tækni og að skilja uppbyggingu atvinnulífsins. Nemendur fá að kynnst fornu handverki og nútíma handverki þar sem þeir gera sér grein fyrir samhengi nútíðar, fortíðar og framtíðar. Nemendum er úthlutað verkefnum sem þau vinna með og leysa eftir bestu getu.

Verkefni:

- Hanna og smíða flugvél eða annað sem mun geta flogið
- Smíða undirstöðu til að vefa í textílmennt

Námsmat

Námsmatið er einstaklingsmiðað og metið er eftir hæfniviðmiðum. Kennari kynnir fyrir nemendum hvernig námsmatið mun fara fram og miðar verkefni við að hvaða hæfniviðmiðum er stefnt.

Myndmennt

Kennari: Dagný Rut Kjartansdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir hálfan veturinn

Markmið:

Að nemendur kynnist grunnþáttum myndlistar. Kynnist ólíkum efnum og öðlist þjálfun í að efla skapandi hugsun.

Kennsluefni: Námsefni frá kennara.

Skipulag:

Nemendur munu byrja á því að búa sér til möppu þar sem þeir munu geyma listaverkin sem þeir gera á skólaárinu. Nemendur munu vinna fjölbreytt og skapandi verkefni, fá að kynnst hinum ýmsu gerðum af efnivið sem hægt er að nota í myndlist.

Hæfniviðmið

Nemendur geta:

- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd að lokaútkomu.
- unnið einföld verkefni í hópi.
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- fjallað um eigin verk og annarra.
- Frágangur verkefni og áhalda

Kennsluhættir

Í upphafi er viðfangsefni tímans kynnt fyrir nemendum, ýmist með sjóndæmum eða munnlega. Lögð er áhersla á að nemendur leggi metnað sinn í að leysa hvert verkefni eins vel og kostur er. Unnið verður með einstaklings- og hópaverkefni.

Námsmat

Vinna nemanda í tímum metin þ.e.a.s. vinnusemi, áhuga, frágangi, árangur.

Textílmennt

Kennari: Karitas Eiðsdóttir

Vikustundir: Tvær kennslustundir í 12 vikur.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í textílmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina. Hæfniviðmiðum í textílmennt er skipt upp í þrjá efnisflokka þar sem megináherslusvið greinarinnar koma fram. Þessir flokkar eru: Handverk, aðferðir og tækni, Sköpun, hönnum og útfærsla og Menning og umhverfi.

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur temji sér strax í upphafi sjálfstæð vinnubrögð og velji eins mikið sjálf og hægt er innan þeirra marka og aðferða sem þau eru að læra hverju sinni. Að nemendur gangi vel um og eigi góð samskipti við aðra.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Nemandi tjái sig um litaval, skoði eigin verk og annarra og ræði um þau út frá fagurfræði.

Menning og umhverfi

Nemandi fái innsýn í nýtingu íslenskrar ullar áður fyrr, fjalli um textílvork sem eru skreytt með útsaumi, skoði myndbönd og /eða skyggjur sem tengjast textílum.

Kennslugögn

Uppskriftir og vinnulýsingar sem kennari býr til sjálfur auk þess sem valið er úr fagblöðum, bókum eða af netinu.

Kennsluhættir

Miðast er við að gera nemandann, með vinnu sinni, sjálfbjarga í undirstöðuatriðum textílmennta. Að hann geti farið eftir verklýsingum og læri að vinna með þau tæki sem til þarf hverju sinni.

Verkefni

- Læra uppfit. Þrjóna svo bangsa með garðaprjóni.
- Teikna og hanna furðudýr, sauma og skreyta.
- Sauma flíshúfu í saumavél.

Þeir sem ljúka verkefnum sínum fá aukaverkefni við hæfi.

Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í textílmennt.

Námsmat

Áhugi, vinnusemi, vandvirkni og hegðun metin með símati eftir hvern tíma. Umsögn gefin í lokin.

Listaval

Skólaíþróttir

Kennari: Gunnar Andri Pétursson

Vikustundir: 3 kennslustundir

3. bekkur er með 4. bekk í íþróttum á þessu skólaári

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda, Félagslegir þættir og Heilsa og efling þekkingar.

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Að efla líkamsþroska og auka þrek.
- Að nemendur fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sér og öðrum.
- Að ná sundstigi hvers árgangs.

Félagslegir þættir

- Að efla félags- og tilfinningaþroska.
- Að auka sjálfstraust og viljastyrk og efla samvinnu.

Heilsa og efling þekkingar

- Að vekja áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem heilsu- og líkamsrækt er fram líða stundir.
- Að auka áhuga á sundi sem íþrótt.

Kennsluefni / kennslugögn

Boltar og áhöld í íþróttahúsi og sundlaug. Ýmis hefti um íþróttir og skólasund til að styðjast við í kennslu.

Kennsluhættir

Nemendur taka þátt í æfingum, leikjum og þrautum (með eða án áhalda og tónlistar). Þeir fá þannig tækifæri til að: efla og reyna á samspil skynfæranna; þjálfra grunnhreyfingar; efla hraða, þol, kraft, viðbragð, líkamsreisn og líkamsstöðu. Auk þess eiga íþróttir að veita nemendum: útrás fyrir hreyfiþörf; tækifæri til skapandi hreyfinga og tækifæri til að öðlast öryggistilfinningu í vatni. Með þátttöku í hópleikjum og annarri samvinnu fá nemendur tækifæri til að efla félagsþroska. Til að öryggisreglum sé fylgt, þannig að allir geta haft gaman af, þurfa nemendur að læra að umgangast íþróttahús, áhöld og tæki á öruggan hátt og læra að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara.

Kennsluáætlun

1. Önn skipt í tvö tímabil

1. Sund
2. Leikfimi

Leikir, stöðvápjálfun, innibandý, badminton, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálssar íþróttir, handbolti, körfubolti

2. Önn skipt í tvö tímabil

Leikfimi

1. Leikfimi

Leikir, stöðvápjálfun, innibandý, badminton, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálssar íþróttir, handbolti, körfubolti.

2. Sund

Íþróttir: Úti/inni tímar e. veðri

Athuga: Nemendur eiga að koma með sér fatnað til íþróttaiðkana (stuttbuxur og bol). Ætlast er til að nemendur fari í sturtu eftir íþróttatíma. Nemendur í 3. bekk eiga að vera á tánum í íþróttatímum. Í sundi er æskilegt að vera í sundbol/sundskýlu, en ekki bikiní eða stuttbuxum sem ná niður fyrir hné. Þeir nemendur sem ekki geta synt án sundgleraugna verða að koma með sín eigin.

Námsmat

Prófa- og kennaramat. Í íþróttum er metin færni, áhugi og ástundun. Gefin er umsögn í janúar og umsögn í maí. Stuðst er við hæfniviðmið við lok 4. bekkjar Kennaramat felst í umsögnum um nám og vinnubrögð nemenda og er það hluti af símati skólans.